



Reykjavík 1. júní 2016

Kæri viðtakandi.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Heimili og skóli – landssamtök foreldra innsigluðu með samningi í janúar sl. samkomulag um læsissáttmála fyrir foreldra. Áður hafði Þjóðarsáttmáli um læsi verið undirritaður af mennta- og menningarmálaráðherra, fulltrúum sveitarfélaga og Heimilis og skóla í öllum sveitarfélögum landsins. Með undirrituninni staðfestu þeir sameiginlegan skilning á mikilvægi læsis til virkar þáttöku í samfélaginu þannig að hver og einn geti nýtt hæfileika sína samfélaginu öllu til velferðar.

Meginmarkmið samkomulags ráðuneytisins og Heimilis og skóla eru að:

- Stuðla að aukinni lestrarfærni barna og unglings með þáttöku og stuðningi foreldra við framkvæmd þjóðarsáttmála um læsi.
- Útbúa læsissáttmála fyrir foreldra og innleiða hann í skólum landsins.
- Auka vitund foreldra um ábyrgð þeirra gagnvart læsi barna sinna.
- Virkja foreldra í að styðja við læsi og lestrarþjálfun barna sinna.
- Auka samstarf skóla og foreldra um læsisnám barna.
- Koma á framfæri kynningarrefni um áherslur og samstarf frjálsra félagasamtaka og stjórnválda við að efla læsi barna.

Með innleiðingu læsissáttmála er höfðað til samtakamáttar og samábyrgðar foreldra. Sáttmálanum svipar til foreldrasáttmála Heimilis og skóla sem notið hefur mikilla vinsælda meðal foreldra (nánar á heimiliogskoli.is). Læsissáttmálinn inniheldur sex atriði um lestur og læsi sem rædd eru á fundi bekkjarforeldra. Á fundinum er efni sáttmálans rætt og kynningarbæklingi dreift til foreldra þar sem farið er nánar í hvert atriði sáttmálans sem eru eftirfarandi:

1. Lesum fyrir barnið og verum fyrirmynndir.
2. Hlustum á barnið lesa.
3. Viðhöldum og eflum færni.
4. Höfum lesefni aðgengilegt og bjoðum val.
5. Leitum hjálpar.
6. Lesum á eigin tungumáli.

Þegar umræður hafa farið fram og foreldrar hafa borið saman bækur sínar og rætt sín á milli hvað þeim finnst mikilvægt í þessu samhengi er sáttmálinn undirritaður. Þannig eru umræðurnar rammaðar inn á táknrænan hátt.

Á haustmánuðum munu sérfræðingar Heimilis og skóla ferðast um landið og kynna læsissáttmálann fyrir skólastjórnendum, kennurum og foreldrum. Það er von okkar að þeim verði vel tekið og að læsissáttmálinn verði notaður um land allt sem liður í að efla læsi barna á Íslandi til framtíðar og styrkja jafnframt samstarf heimila og skóla í landinu.

Með von um góðar viðtökur,

Íllugi Gunnarsson,
mennta- og menningarmálaráðherra

Anna Margrét Sigurðardóttir,
formaður Heimilis og skóla



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra